

# Áveitan

12. tbl. 6. árgangur. Desember 2012



## Skötuveisla í Þjósárveri

Að rammislenskum sið ætlar Ungmennafélagið Vaka að standa fyrir sinni geysivinsælu skötuveislu í Þjósárveri á Þorláksmessu og hefst borðhald kl 12:00. Boðið verður upp á gæða skötu ásamt meðlæti og einnig verður saltfiskur á boðstólnum fyrir þá sem það kjósa. Kaffi og konfekt eftir matinn.

Verðinu er stillt í hóf eins og alltaf:

**Fullorðnir 2000 kr**

**Börn 6 – 12 ára 500 kr**

**Börn yngri frítt**

Það er fát sem jafnast á við það að taka sér smá hvíld frá jólaundirbúningnum og borða góðan mat með vinum og nágrönnum. Vonandi sjáumst við sem flest.

Stjórn Umf Vöku



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
balloq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

### Frá sveitarstjóra

#### Þjósárver

Rúnar Magnússon hefur verið ráðinn húsvörður í Flóaskóla. Hann mun einnig sinna starfi húsvarðar í Þjósárveri í tengslum við þá viðburði sem þar verða haldnir.

Þetta er nýtt starf og breyting frá því sem verið hefur. Húsvörður hefur hingað til eingöngu verið fyrir Þjósárver og ekki hefur verið starfandi húsvörður við Flóaskóla.

Ástæða þess að farið var í þessar skipulagsbreytingar eru aukin starfssemi skólans í tengslum við fleiri bekkjardeildir og fjölgun nemenda.

Á fundi sem haldinn var með sveitarstjóra, oddvita, fulltrúum kvenfélags Villingaholtshrepps, ungmennafélagsins Vöku og formanni rekstrarstjórnar félagsheimila voru samþykktar vinnureglur um aðgang félaganna að Þjósárveri og almenna útleigu. Reglurnar taka mið af gjaldskrá sveitarfélagsins fyrir félagsheimilin. Pantanir hússins verða á skrifstofu Flóahrepps í síma 480-4370 á milli kl. 9.00-13.00 virka daga.

Í þeim tilvikum sem félögin eru með fjáröflunarverkefni, s.s. erfidrykkjur og skötuveislu, greiða þeir sem taka húsið á leigu, húsaleigu samkvæmt gjaldskrá.

Innifalið í verði er uppröðun í sal, þrif í sal og lokafrágangur.

Varðandi þá viðburði félaganna sem ekki er tekið gjald fyrir að þá sjá félögin sjálf um undirbúning og frágang.

Ef um almennar veislur er að ræða sem innheimt er fyrir samkvæmt gjaldskrá þá sér húsvörður um uppröðun og frágang.

Varðandi alla stærri viðburði, svo sem Fjör í Flóa og Tónahátíð að þá mun húsvörður vera til liðsinnis og frágangs vegna þeirra viðburða sem eru haldnir í Þjósárveri.

Engar hugmyndir eru uppi um að minnka aðgengi félagasamtaka í sveitarfélaginu, s.s. kvenfélags og ungmennafélags, að Þjósárveri. Litið er svo á að það starf sem félögin sinna séu afar mikilvæg samfélagslega séð í fyrrum Villingaholtshreppi sem og annars staðar í sveitarfélaginu.

#### Yngstu íbúar Flóahrepps

Skemmtileg hugmynd kom frá einum íbúa sveitarfélagsins um að gaman væri ef nýbakaðir foreldrar sendu myndir af nýfæddum börnum sínum til birtingar á heimasíðunni.

Þessari hugmynd er hér með komið á framfæri og foreldrar hvattir til að senda myndir á [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is) til birtingar á heimasíðunni.

## **Fjárhagsáætlun**

Fjárhagsáætlun Flóahrepps fyrir árið 2013 er í vinnslu og verður tekin til seinni umræðu á desemberfundi sveitarstjórnar. Á sama tíma er gerð áætlun fyrir árin 2014, 2015 og 2016 samkvæmt nýjum sveitarstjórnarlögum.

Með nýju lögnum sem tóku gildi í byrjun árs 2011, er gerð enn meiri krafa en áður til sveitarfélaga að standast áætlanir og vanda til verka og er það vel.

Flóahreppur býr svo vel að vera lítið skuldsettur enda hefur rekstur verið frekar aðhaldssamur og þrátt fyrir framkvæmdir við Flóaskóla hafa ekki verið tekin lán.

Sveitarfélagið er mjög háð framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og á árinu 2013 gerir sjóðurinn ráð fyrir mun minna framlagi til Flóahrepps en á síðasta ári. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því, meðal annars verri staða annarra sveitarfélaga á landinu og/eða auknar skatttekjur í Flóahreppi.

Gert er ráð fyrir 50 mkr. til framkvæmda á næsta ári og er þá aðallega horft til þess að bæta þarf aðstöðu leikskólans því börnum þar fjölgar jafnt og þétt.

Einnig er gert ráð fyrir töluverðu viðhaldi og endurbótum á félagsheimilum Flóahrepps. Stærstu kostnaðarliðirnir eru eldhúsin í Þjórásarveri og Þingborg sem þarfnast viðhalds og mála þarf þak Félagslundar og Flóaskóla.

Fjárhagsáætlun í heild sinni verður aðgengileg á heimasíðu Flóahrepps eftir seinni umræðu.

## **Álagningarreglur fyrir árið 2013**

Sveitarstjórn hefur samþykkt að útsvar verði óbreytt frá fyrra árið eða 14,48%.

Fasteignaskattur er einnig óbreyttur svo og lóðarleiga, vatnsgjald og seyrulosunargjald. Sorphirðugjald fyrir 240 ltr. tunnu verður óbreytt og hefur ekki breyst frá árinu 2009 en gjald fyrir 660 ltr. kar og 1100 ltr kar mun hækka. Það er gert með hliðsjón af því gjaldi sem innheimt er fyrir 240 ltr. tunnu miðað við magn. Með þessari hækkun verður endanlega komið á samræmi milli magns sorps og kostnaðar við losun.

Sorpeyðingargjöld hækka einnig úr 8.800 kr. á ári í 11.440 kr. á ári. Eftir lokun á urðunarstaðnum í Kirkjuferjuháleigu er sorp urðað í Álfsnesi en það hefur umtalsverðan kostnaðarauka í för með sér fyrir sveitarfélagið vegna hærri urðunargjalda og lengri aksturs. Einnig hefur umsýslukostnaður Sorpstöðvar Suðurlands vegna sorpeyðingar hækkað undanfarin tvö ár úr 2,78 kr. pr/kg til urðunar í 4,40 pr/kg.

Kostnaður Flóahrepps vegna rúlluplasts, brúnu og grænu tunnu hækkar ekki og hagr sveitarfélagsins er því í aukinni flokkun og minnkun á urðunarkostnaði.

Þeir sem hafa áhuga á að fá minni tunnu eða kar undir sorp til urðunar, geta haft samband við skrifstofuna og óskað eftir því. Einnig er hægt að óska eftir stærra kari fyrir endurvinnanlegt sorp en hvorutveggja stuðlar að aukinni nýtingu og minni urðun. Með þessum hækkunum er Flóahreppur kominn með svipaða gjaldskrá fyrir sorphirðu og nágrannadreifbýlissveitarfélögin. Þrátt fyrir hækkun er gert ráð fyrir því að sveitarfélagið greiði um 4.000.000 kr. með sorphirðu og sorpeyðingu á næsta ári.

Fasteignaskattur er lagður á í þremur flokkum sem skiptast í eftirfarandi:

### **a-flokkur 0,50% af fasteignamati:**

Ibúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

### **b-flokkur 1,32% af fasteignamati:**

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn

### **c-flokkur 1,35% af fasteignamati:**

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

### **Vatnsgjald**

Vatnsgjald verður 0,2% af fasteignamati eignar sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins.

Lágmarksálagning verður 6.000 kr. og hámarksálagning verður 18.000 kr. á íbúðar-og sumarhús.

### **Lóðarleiga er 1% af lóðamati.**

### **Sorphirðu-og sorpeyðingargjald**

Sorphirðugjald er sbr. samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi

a) 240 lítra tunna	12.000 kr.
c) 660 lítra kar	33.000 kr.
d) 1100 lítra kar	54.960 kr.

Sorpeyðingargjald:

Íbúðir	11.440 kr.
Sumarhús	11.440 kr.
Atvinnurekstur iðnaðarhverfi	24.960 kr.
Atvinnurekstur lögbýli	13.520 kr.
Seyrulosun	7.000 kr.

Öll gjöld hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Greiðslur sem eru 20.000 kr eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars. Greiðslur sem eru 20.001 kr til 60.000 kr greiðast á þremur gjalddögum, 1. mars, 1. maí og 1. júlí. Greiðslur 60.001 kr. og hærrí greiðast á fimm gjalddögum, 1. mars, 1. maí, 1.júlí, 1. september og 1. nóvember.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

### **Ljósleiðari**

Á fundi sveitarstjórnar 7. nóvember var lögð fram skýrsla um forhönnun og kostnaðarmat vegna lagningu ljósleiðara í Flóahrepp dags. október 2012. Kostnaðaráætlun liggur fyrir sem nemur 307.128.807 kr. m/vsk.

Þetta er töluvert hár kostnaður og samþykkt var að skoða hvort einhverjar hugmyndir séu uppi um það hjá Alþingi að koma að ljósleiðaralagningu í dreifbýli landsins.

### **Búfjárefirlit**

Minnt er á gjald sem tekið er fyrir sérstaka haustskoðun og eru bændur hvattir til að skila inn skýrslum til að komist verði hjá innheimtu slíkra gjalda.

### **Bólusetningar**

Sauðfjárþændur eru minntir á að láta bólusetja fé sitt.

Einnig eru íbúar minntir á að láta ormahreinsa hunda sína og ketti.

## Atvinnu- og umhverfisnefnd

Árni Eiríksson hefur tekið að sér formennsku í atvinnu- og umhverfisnefnd. Árni tekur við af Bjarna Sigurðssyni sem baðst lausnar á formennsku sökum anna. Árni er með netfangið [arni@floahreppur.is](mailto:arni@floahreppur.is)

## Bíó á Selfossi

Á síðasta fundi sveitarstjórnar Flóahrepps var lagt fram erindi frá Grími Hákonarsyni þar sem skorað er á sveitarfélög á Suðurlandi að koma í veg fyrir lokun kvikmyndahúss á Selfossi.

Sveitarstjórn tók heilshugar undir ummæli Gríms um nauðsyn þess að halda kvikmyndahúsi opnu á Selfossi og hvetur eigendur þess til að endurskoða ákvörðun sína um lokun.

Einnig var skorað á nágrannasveitarfélög að gera slíkt hið sama.

*Íbúar og velunnarar Flóahrepps nær og fjær fá innilegar óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökk fyrir gott samstarf á árinu sem nú fer senn að ljúka.*



**Sveitarstjórn, sveitarstjóri og starfsfólk  
skrifstofu Flóahrepps.**

## Jólaball

Kvenfélög Gaulverjabæjar- og Villingaholtshrepps halda sameiginlega jólatrésskemmtun í Félagslundi laugardaginn 29. desember kl. 14:00.

Dagskrá með svipuðu sniði og undanfarin ár. Gert er ráð fyrir að fólk taki með sér bakkelsi á sameiginlegt kökuhlaðborð. Gos, kaffi og te verður á staðnum og nammipokar fyrir börn. Aðgangseyrir er kr. 500 fyrir alla eldri en 6 ára.

Um kvöldið verður spiluð félagsvist í Félagslundi og hefst kl. 20:30.

Góðir vinningar í boði.

Jólakveðja til allra sveitunga.

Kvenfélögin

## **Glímufréttir**

### **Úrslit af Fjórðungsglímu Suðurlands**

Þjótandi sendi öflugt lið til keppni í Fjórðungsglímu Suðurlands sem fór fram á Laugalandi í Holtum fimmtudagskvöldið 8. nóvember. Alls kepptu 47 keppendur á mótinu frá fjórum félögum innan HSK. Þjótandi sendi sjö keppendur til leiks að þessu sinnu og varð árangur þeirra eftirfarandi:

Konur 16 ár og eldri	4 keppendur	vinn.
1. Marín Laufey Davíðsdóttir		3
3. Guðrún Inga Helgadóttir.		1½ + 0
4. Dagbjört Henný Ívarsdóttir		0

Karlar 16 ár og eldri	4 keppendur	vinn.
1. Stefán Geirsson		3

Meyjar 14 – 15 ára	2 keppendur	Vinn.
1. Guðrún Inga Helgadóttir		1 ½
2. Hanna Kristín Ólafsdóttir		½

Sveinar 14 ára	3 keppendur	Vinn.
1. Þorgils Kári Sigurðsson		2
2. Jón Gunnþór Þorsteinsson		1

### **2. umferð Meistaramóts GLÍ**

Þann 17. nóvember fór fram önnur umferð meistaramóts GLÍ í Dalabúð í Búðardal. HSK sendi þangað fimm keppendur, þar af fjóru úr röðum Þjótanda. Úrslit okkar fólks urðu eftirfarandi:

Konur -65 kg	3 keppendur	vinn.
2. Guðrún Inga Helgadóttir		1½ + 0
3. Dagbjört Henný Ívarsdóttir		0

Konur +65 kg	3 keppendur	vinn.
1. Marín Laufey Davíðsdóttir		2

Konur opinn flokkur	3 keppendur	vinn.
1. Marín Laufey Davíðsdóttir		2
3. Guðrún Inga Helgadóttir		0

Karlar +90 kg. 3 keppendur vinn.  
1. Stefán Geirsson 2

Karlar opinn flokkur 4 keppendur vinn.  
1. Stefán Geirsson 2½

Marín og Stefán standa vel að vígi fyrir lokamótið sem fer fram eftir áramót. Þau leiða bæði stigakeppnina í sínum flokkum. Guðrún Inga hefur staðið sig mjög vel á sínu fyrsta ári í fullorðinsflokk og er í öðru sæti í stigakeppnini í -65 kg flokki og opnum flokki fyrir lokamótið.

### ***Tvær í landsliðshóp GLÍ***

Þær Marín Laufey og Guðrún Inga hafa gefið kost á sér í landsliðshóp Glímusambandsins fyrir Evrópumótið í kelteskum fangbrögðum sem fer fram í Reykjavík í apríl 2013. Þar verður keppt í glímu, back-hold og gouren. Keppt er í fjölmörgum þyngdarflokkum og er valinn einn keppandi frá hverri þjóð til keppni í hverjum flokki og spreytir hann sig þá í öllum greinunum. Þetta verður sannarlega verðugt verkefni fyrir stelpurnar en í aðdragandi mótsins verða haldnar æfingabúðir fyrir verðandi landsliðsfólk.

### ***Glímuæfingar***

Nú eru aðeins þrjár æfingar eftir fram að jólum en síðasta æfingin verður 17. desember. Æfingar hefjast svo aftur að loknu jólafríi þann 7. janúar á sama tíma, frá 20 til 21 í Félagslundi á mánudagskvöldum. Fimmtudagsæfingarnar eru nú komnar í pásu fram á nýja árið.

### **Jólamessa í Gaulverjabæjarkirkju**

Messað verður á jóladag, 25. desember, í Gaulverjabæjarkirkju kl. 14.00. Prestur er Sr. Anna Sigríður Pálsdóttir.

### **Örmerking**

Tek að mér að örmerkja og skrá hross. Verð á hest er 2.500 kr stgr.

Kv Ellen á Skeggjastöðum s: 4822083/8637183

## Frá UMF Baldri:

### Aðalfundur

Aðalfundur Umf. Baldurs verður haldinn í Þingborg fimmtudagskvöldið 3. janúar kl. 20:00. Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf; skýrslur, kosningar, umræður um störf félagsins og inntaka nýrra félaga. Íþróttamaður ársins verður útnefndur og veitt viðurkenning fyrir bestu ástundun. Félagsmálabíkar verður veittur fyrir góð störf í þágu ungmennafélagsins. Boðið verður upp á veitingar og í lok fundar verður gamall og góður þorrablótssannáll rifjaður upp.

Besta leiðin til að hafa áhrif á störf félagsins er að mæta á aðalfund því eru félagsmenn hvattir til að fjölmenna á aðalfundinn og taka þátt í líflegum umræðum. Enginn þarf að óttast að lenda í stjórn eða nefnd ef hann vill það ekki. Nýir félagar eru boðnir hjartanlega velkomnir.

Stjórn Umf. Baldurs

### Þrettándagleði

Þrettándagleði Umf. Baldurs verður haldinn í Þingborg laugardagskvöldið 5. janúar. Bytjar gleðin kl. 20:30 á því að kveikt verður í brennu, þaðan verður haldin inn í Þingborg og spilað bingó með veglegum vinningum, farið í leiki, borðaðar smákökur og drukkið kaffi. Allir að mæta og hafa gaman saman eins kvöldstund við að kveðja jólin, hver veit nema að einhverjir skrítnir rauðklæddir síðskeggjaðir karlar kíki í heimsókn á leið sinni heim til fjalla. Tekið verður á móti brennuefni á laugardaginn 5. janúar á milli klukkan 13.00 og 16.00. Svo nú er kjörinn tími til að taka aðeins til í kringum sig og brenna draslið. Þeir sem eru uppteknir á þessum tíma en vilja losa sig við drasl geta haft samband við Gumma í síma 844-1091 eða Baldur í síma 867-3538/776-3538.

Skemmtinefnd Umf. Baldurs

### Þorrablót

Hið sívinsæla og stórskemmtilega þorrablót Umf. Baldurs og skemmtinefndar Sandvíkurhrepps verður haldið í Þingborg laugardagskvöldið 26. janúar 2013. Undirbúningur er kominn af stað og má búast við miklu fjöri að hætti Hraungerðinga og Sandvíkinga, langt fram eftir nóttu. Hljómsveitin Stuðlabandið ætlar að halda fólki í stuði fram eftir nóttu eftir að hefðbundinni dagskrá lýkur.

Allar nánari upplýsingar um hvernig panta á miða og fleira verða sendar út fljótlega eftir áramót. Einnig er hægt að fylgjast með nýjustu fréttum á facebook.



## **Árgjald Umf. Baldurs**

Ágætu félagar. Minnt er á greiðslu félagsgjalda fyrir árið 2012. Allir félagsmenn 14 ára og eldri greiða árgjald kr. 1.000.- Ekki er innheimt árgjald af yngri félagsmönnum. Félagar eru beðnir um að greiða árgjaldið með millifærslu í heimabanka eða hafa samband við banka og biðja um millifærslu. Reikningur Umf. Baldurs er 0586-26-979 kt. 471077-0979. Tilgreina þarf nafn og kennitölu greiðanda. Nánari upplýsingar gefur gjaldkeri, Svanhvit Hermannsdóttir, s. 482-2911 eða [lambastadir@emax.is](mailto:lambastadir@emax.is)

*Umf. Baldur óskar félögum og öðrum velunnurum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári um leið og við þökkum fyrir samveruna á árinu sem er að líða.*

## **Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:**

### **Jólafundur Kvenfélags Hraungerðishrepps**

Jólafundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn laugardaginn 15. desember nk. að gistiheimilinu Lambastöðum kl. 11:00. Hátíðarmatur eftir fund í boði kvenfélagsins. Nýir félagar velkomnir. Takið daginn frá, eigum notalega stund saman á aðventunni.

Matarhópur: Elín Magnúsdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, Helga Hermannsdóttir, Sigurbára Rúnarsdóttir, Rósa Haraldsdóttir, órunn Pétursdóttir, Halla Kjartansdóttir og Þórhildur Rúnarsdóttir.

Upplýsingar hjá Veroniku í síma 898-1061.

Kveðja stjórnin

### **Jólaball í Þingborg**

Föstudaginn 28. desember nk. stendur Kvenfélag Hraungerðishrepps fyrir jólaballi fyrir börn og fullorðna. Ballið er í Þingborg og hefst kl. 14:00.

Guðlaug og Vignir sjá um fjörið og jólasveinar koma í heimsókn.

Miðaverði stillt í hóf (gott að hafa með sér pening frekar en kort). Allir velkomnir. Kvenfélagskonur munið að hafa meðlæti meðferðis.

Jólakveðjur skemmtinefndin

E.S Höfum heyrt að jólasveinar verði á sveimi í sveitinni rétt fyrir jól.

## Frá Samhygð:

### **Árgjald Umf. Samhygðar**

Félagar eru minntir á að innheimta árgjalds Umf. Samhygðar fyrir árið 2012 stendur yfir. Allir félagsmenn 14 ára og eldri greiða árgjald 1000 kr. Ekki er innheimt árgjald af yngri félagsmönnum.

Félagar eru beðnir um að greiða árgjaldið með millifærslu á reikning Umf. Samhygðar 152-26-23817 kt. 471077-1359. Tilgreina verður nafn og kennitölu greiðanda. Nánari upplýsingar fást hjá gjaldkera Umf. Samhygðar Hugrónu Geirsdóttir í netfanginu [huggageirs@hotmail.com](mailto:huggageirs@hotmail.com).

### **Heimsókn á aðfangadag**

Fyrir hádegi á aðfangadag verða góðir gestir á ferð á félagssvæði Samhygðar. Þessir kúnstugu sveinar heimsækja krakka í sveitinni og afhenda þeim jafnvel gjafir. Þeir sem vilja koma sendingu á sveinana síkátu skulu koma henni til Stefáns í Gerðum fyrir aðfangadag.

*Umf. Samhygð óskar félögum og velunnurum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári um leið og við þökkum fyrir samveruna á árinu sem er að líða.*

Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja  
Nýsmíði, viðhald, breytingar  
Erum með traktors- og beltagröfu

**Kríutangi ehf.**

**Vorsabæ**

Stefán Helgason Húsasmíðameistari  
S: 8934933

## **Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:**

**Kæru kvenfélagskonur.**

Sigrún Hrefna í Skyggnisholti ætlar að bjóða okkur heim til sín í opið hús fimmtudagskvöldið 6. desember n.k. frá kl. 20.30. Sigrún Hrefna er nýkomin í kvenfélagið okkar, gekk í það á haustfundinum þann 4. nóvember s.l. ásamt Guðrúnu Birnu í Skólatröð. Við bjóðum þær hjartanlega velkomnar í kvenfélagið og hlökkum til að kynnast þeim.

Við ætlum að vera með pakkaleik , og biðjum því allar konurnar að koma með 1 pakka sem við setjum í þúkk , og skiptumst við síðan á þeim. Jólakort SSK verða til sölu, einnig bókin " Þú ert snillingur " Svo er bara að fjölmenna í Skyggnisholt og hafa gaman saman, og munið eftir veitingunum með kaffinu. Sjáumst hressar og njótum aðventunnar saman þessa kvöldstund.

Með kveðju Valgerður.

### **Fréttir af haustfundi**

Haustfundurinn var haldinn í Þjórsárveri 4 nóv 2012. Í félagið gengu þær Guðrún Birna Kjartansdóttir Skólatröð og Sigrún Hrefna Arnardóttir Skyggnisholti og eru þær boðnar velkomnar .

Ákveðið var að taka í fjáröflunarsölu bókina ÞÚ ERT SNILLINGUR. Það er heilræðabók um hvernig við getum einfaldað daglegt líf og sparað stórfé með sniðugum ráðum. Útgefandi er Leiðbeiningastöð heimilanna, Matarkarfan.is og Kvenfélagasamband Íslands. Bókina má panta hjá Valgerði í síma 4863356/8639557 og kostar hún aðeins 3.000 kr .

Saumanefnd skilaði góðri skýslu til formans til varðveislu, en saumanefndina skipuðu: Kristín Stefánsdóttir, Hjördís Olga Þórðardóttir, Aðalheiður Alfonsdóttir og Halla Aðalsteinsdóttir. Þær hönnuðu og héldu vel utan um sessusauminn sem félagskonur saumuðu og gáfu Villingaholtskirkju í tilefni 100 ára afmælis hennar nú í sumar .

Nú í haust var Halla Aðalsteinsdóttir Kolsholti úr okkar félagi gerð að heiðursfélagi í KÍ og erum við ákaflega stoltar af henni .

Menningaferð verður farin 1. des og opið hús verður 6. des. Jólakort eru komin í sölu, nánar um það annarstaðar í blaðinu.

Óskum ykkur ánægjulegrar aðventu og gleðilegra jóla

f.h. stjórnar Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir ritari .

## **Frá Umf. Vöku:**

### **Fréttst hefur...**

...að nokkrir sveinar leggi leið sína um gamla Villingarholtshreppinn á aðfangadagsmorgun eins og þeir hafa gert síðustu ár. Þeir áætla að vera komnir í Súluholthverfið um 10 leitið og þræða síðan sveitabæinna þaðan og enda á Urriðafossveginum. Stefna þeir að því að vera búnir að heimsækja alla krakkana fyrir kl. 12.30. Hallfríður í Lyngholti hefur tekið að sér enn eitt árið að vera umboðsmaður sveinanna en hún tekur við sendingum fyrir þá auk þess sem hægt verður að koma þeim til skila í Skötuveislunni á Þorláksmessu .

### **Árgjöld**

#### **eru ekki örugglega allir að muna eftir að greiða árgjöldin?**

Ég vil minna félagsmenn á að greiða árgjöld Umf. Vöku fyrir árið 2012 sem fyrst. Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 700 kr á ári. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra. Gott væri að setja nafn og kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu.

Vakni einhverjar spurningar, endilega hafið samband í síma 845-9719 eða í tölvupósti [lyngh@emax.is](mailto:lyngh@emax.is)

Kennitala Umf. Vöku 471077-0389

Reikningur 0152-26-2216

Með kveðju, Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir gjaldkeri

### **Aðalfundur Umf. Vöku**

Venju samkvæmt verður aðalfundur umf. Vöku haldinn 2. janúar kl 20:30 í Þjósárverri. Farið verður í venjuleg aðalfundarstörf, verðlaunaafhendingar og svo verður myndasýning á frá starfi félagsins árið 2011. Við vonumst til þess að á fundinum skapist fjörugar umræður um starf félagsins. Veitingar verða í boði ungmennafélagsins á fundinum.

Við hvetjum alla til að mæta, bæði gamla og nýja félaga!

Stjórnin

### **Jólakveðja frá Umf Vöku**

Stjórn Ungmennafélagsins Vöku óskar öllum félagsmönnum sínum og öðrum velunnurum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Þökkum ánægjuleg samskipti og samstarf á líðandi ári.

## Uppgjör unglingslandsmótsins

Nú á dögnum var greiddur út sá hagnaður sem hlaust af því að halda unglingslandsmótið á Selfossi síðasta sumar. Eins og ákveðið var á síðasta héraðsmóti var hagnaðinum skipt þannig að 20% færi til HSK, 10% til verkefnasjóðs HSK og 70% til félaga, deilda og ráða innan HSK. Þessi 70% áttu svo að greiðast út miðað við vinnuframlag hvers félags og við í Vöku unnum samtals 76 klukkustundir í sjálfböðavinnu við mótið sem skilaði okkur 59.470 krónum. Við þökkum öllum þeim sem unnu fyrir Vöku kærlega fyrir og vonumst að sjálfsögðu til þess að fleira fólk úr okkar röðum verði tilbúið til þess að starfa fyrir okkar hönd á 27. Landsmóti UMFÍ sem verður haldið á Selfossi næsta sumar.

## Frá Villingaholtskirkju:

Kæru sveitungar og aðrir

Sóknarnefnd Villingaholtskirkju óskar ykkur öllum gleðilegra jóla, góðs og farsæls komandi árs. Við þökkum ykkur innilega fyrir alla velvild í okkar garð, sem og ómældar vinnustundir í sjálfböðaliðastarfi sem þið unnuð fyrir og með okkur á liðnu ári. Án ykkar væri kirkjugarðurinn okkar ekki orðinn svona glæsilegur.

Megi góður Guð fylgja ykkur í leik og starfi hér eftir sem hingað til.  
f.h. sóknarnefndar, Sólveig Þórðard.



## **Flóðgáttin**

Nú birtum við hér í Flóðgáttinni seinni hluta sendingar sem umsjónarmaður fékk í hendur frá Gísla Halldórssyni í Króki. Í síðasta tölublaði spáði Gísli heldur hraklega fyrir um framboðsmál formanns Framsóknarflokksins. Nú þegar úrslit listakosningarinnar eru kunn þykir umsjónarmanni rétt að formaðurinn liggi ekki óbættur hjá garði öllu lengur:

*Örlög formanns orðin stór  
úr helju núna sloppinn.  
Sigmundur að sunnan fór  
Og settist beint á toppinn.*

Því næst snúum við okkur að kveðskap Gísla og birtum fyrst þrjár dagbókarvísur hans í öfugri timaröð:

16. 6. 2001

*Illa láta mammons menn,  
mjög af státa ráðum.  
Þeirra hlátur hljómur enn  
hátt þó gráti bráðum.*

7.11.1997

*Rúgbrauðshleif mér Sísí sendi,  
sem var mikil heilsulind.  
Eftir það ég aldrei lendi  
í að skorta leysivind.*

18.1.1997

*Frá Arabæ menn heyrðu hljóð  
hávær út á Partabraut.  
Inni þar var stelpustóð  
stjörnuvillt, en bóndinn hraut.*

Að endingu leiðir Gísli okkur út í fjós í vísun sem hann nefnir *Morgunleikfimi í fjósinu*.

*Beljurnar stóðu með blaktandi skott  
bætt á sig þóttust ei geta.  
Þá sagði Halldóra „Þetta er gott!”  
Og þær fóru allar að éta.*

„Æfa nú skulum við kálfana,“  
Kvað kerlingin síðan að bragði.  
Leikfullir kálfarnir ætluðu að  
ærast, fyrst þetta hún sagði.

Kálfarnir trylltust, já það gerðu þeir  
og þarna var hálsband að fara.  
Mér leist varla á þessa leikfimi meir  
og lokaði tækinu bara.

Gísla í Króki eru auðsýndar bestu þakkir fyrir innsendinguna og minnum við enn á  
að Flóðgáttin er opin nú sem fyrr.  
Umsjónarmaður er Stefán Geirsson.

**VIG**

Vélsmiðja Ingvars Guðna  
Tanga 801 Selfoss  
S: 486-1810 vig@vig.is  
www.vig.is

**12 ára**

LÉTTLIÐ  
GJAFAGRINDUR  
RENNUBÖND  
ÖRYGGISLÁR  
ÞVOTTASNÚRUR  
GÖNGUBRÝR  
BEYGGJUVÉLAR  
SUÐULAMIR  
GIRÐINGASTIGAR  
O.M.FL. [www.vig.is](http://www.vig.is)

Okkur er sönn ánægja að benda á þá fjölmörgu samstarfsaðila sem við höfum eignast  
á þessum árum. Með góðu samstarfi VIG og endursöluaðila hefur okkur tekist að  
koma VIG vörum á hagkvæman hátt til okkar góðu viðskiptavina um land allt.  
**NÚ FÁST VIG VÖRUR Á 38 STÖÐUM!**  
**SPURDU UM ÍSLENSKAR VIG VÖRUR Í ÞINNI HEIMABYGGÐ.**

**Búvís** **FOSSBERG** **JÖTUNN VÉLAR** **BYKO** **ALFABORG**

**Poulsen** **MEM** **LANDSTÖLPI** **Pakkhúsið Hellsu ehf.** **SINDRASON**

**HÖSASMÍÐJAN** **LÍFLAND** **VÍÐVÉL Varnarhlíf** **GA SMÍÐJARN** **Bú Aðföng** **MB**

## Frá Flóaskóla

Í Flóaskóla er alltaf líf og fjör og það á ekki síst við nú í aðdraganda jóla. Á næstu vikum verður hefðbundið skólastarf brotið upp með það fyrir augum að gleðja nemendur. Þó gleðin ráði ríkjum í okkar verkefnum fá nemendur einnig tækifæri til að læra og þjálfá ýmsa færni sem mun nýtast þeim í framtíðinni. Nemendur munu t.d. Koma fram á jólaskemmtunum fyrir foreldra 14. og 19. desember í Þjósárverri. Þar fyrir utan er fólk alltaf velkomið í skólann til að fylgjast með og sjá hvaða verkefni við erum að fást við.

Jóladagskrá Flóaskóla:

Fimmtudagur 29. nóv. kl. 8:10-11:50: Nemendur skreyta umsjónarstofurnar sínar.

Mánudagur 3. des kl. 8:20: Nemendur heimsækja Villingaholtskirkju þar sem Sr. Óskar tekur á mótí hópnum í upphafi adventunnar. Athugið að foreldrar geta látið skólann vita ef börnin eiga ekki að fara í kirkjuheimsókn og þá verður þeim boðið upp á notalega stund í skólanum með kennara.

Miðvikudagur 5. des. kl. 9:50: Kveikt á jólatré fyrir utan Flóaskóla.

11.-13. des.: Jólahringekja í 8.-10. bekk.

Föstudagur 14. des. kl. 13:00: Nemendur í 1.-7. bekk bjóða foreldrum sínum á jólaskemmtun í Þjósárverri.

18.-20. des.: Jólahringekja í 1.-7. bekk.

Miðvikudagur 19. des. kl. 20:00: Nemendur í 8.-10. bekk bjóða foreldrum sínum á jólaskemmtun í Þjósárverri.

Fimmtudagur 20. des.: Stofujól og jólamatur nemenda og starfsmanna í Þjósárverri.

Heimferð og jólafrí nemenda hefst kl. 12:35.



Við hlökkum til næstu vikna og vonum að sem flestir komi til með að njóta aðventunnar með okkur.

Guðmundur Freyr Sveinsson,  
skólastjóri Flóaskóla.

---

## Fréttir frá Krakkaborg

Það er skrítið að hugsa til þess að það sé kominn desember, svona þegar haustið er nýhafið. Í nóvember erum við búin að sýsla ýmislegt. Börnin á elstu deild leikskólans, Tígradeild, skelltu sér í menningarferð og heimsóttu bóksafnið á Selfossi. Þar hlustuðu krakkarnir á skemmtilega sögu, skoðuðu bækur og fengu nokkrar lánaðar til að taka með sér í leikskólann. Ferðin var mjög skemmtileg, vel var tekið á móti okkur og þökkum við kærlega fyrir okkur.

Samstarf leik- og grunnskólans hélt áfram og fóru elstu börnin í sína aðra heimsókn í Flóaskóla. Þar fóru þau í verkefnavinnu með krökkunum í 1. bekk og fengu svo líka að fara í tónlistartíma. Næsta skólaheimsókn verður miðvikudaginn 9. janúar.

Við höldum Dag íslenskrar tungu hátíðlegan inni á öllum deildum leikskólans. Börnin fóru með kvæði og sungu ljóð eftir íslenska höfunda. Þau fræddust um Jónas Hallgrímsson og störf hans og föndruðu allskonar listaverk. Í samstarfi við Flóahrepp bauð svo Krakkaborg eldri borgurum í Flóahreppi til kaffisamsætis í Þingborg í tilefni dagsins. Þar sungu börnin á Tígradeild nokkur íslensk lög fyrir gesti. Halla Aðalsteinsdóttir frá Kolsholti 1 sagði börnunum svo frá jólahaldi hér á árum áður og frá jólasveinunum 13 sem eru nú eins íslenskir og hægt er. Flóahreppur bauð svo upp á kaffi og kökuhlaðborð sem að Kvenfélag Hraungerðishrepps átti heiðurinn af. Við þökkum gestum okkar kærlega fyrir komuna og fyrir ánægjulega samverustund. Það er von okkar að þessi samkoma eigi eftir að þróast og verða árviss viðburður hér í Flóanum.

Desembermánuður verður ósköp notalegur og skemmtilegur hjá okkur í Krakkaborg. Í byrjun mánaðarins förum út í skóg og náum okkur í jólatré til að koma fyrir í leikskólanum. Við ætlum að fönndra og syngja jólalög, baka smákökur og sjá jólaleikrit. Þann 18. desember höldum við svo jólaball Krakkaborgar þar sem börnin, fjölskyldur þeirra og starfsfólk koma saman og syngja og dansa í kringum jólatréð. Við ætlum svo sannarlega að njóta aðventunnar og vonum að þið gerið það líka.

Fyrir hönd starfsmanna Krakkaborgar óska ég ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum fyrir samskiptin og góðar samverustundir á líðandi ári og öllum þeim sem studdu við starf leikskólans með einum eða öðrum hætti.

Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir  
Aðstoðarleikskólastjóri, Krakkaborg.

### **Flói og mói – skartgripir**

Í tilefni aðventunnar verð ég með opið hús miðvikudaginn 5 des og fimmtudaginn 13 des, báða dagana kl. 20:30 og fram eftir kvöldi. Opna húsið verður á heimili mínu í Mörk 13 (sjá kort á [www.ja.is](http://www.ja.is))

Skartgripir sem henta öllum konum á öllum aldri, tilvalið í jólapakkann.

Minni á Facebook síðuna Flói og mói þar sem fólk getur skoðað myndir í hinum ýmsu mynda-albúnum, og líkað síðuna.

Heitt á könnunni, er með posa.

Nánari upplýsingar veitir Rósa heimasími: 567-0728 og GSM: 898-0728.

### **Silfurleikar ÍR**

Einn keppandi frá Þjótandi keppti á Silfurleikum ÍR þann 17. nóvember síðastliðinn. Það var Sunna Skeggjadóttir, 13 ára og árangur hennar var þessi:

Þrístökk	8,71m	9. Sæti
60m. hlaup	9,40sek.	15. Sæti
Kúluvarp	9,31	4. sæti

### **Þorrablót í Þjórsárveri**

Þorrablótið í Þjórsárveri verður haldið laugardagskvöldið 2. febrúar 2013. Takið daginn frá sem flest.

Nefndin

## **Kæru lesendur**

Vegna skólaverkefnis sem ég er að vinna um Áveituna vantar mig myndir og þess vegna leita ég til ykkar lesendur góðir. Ég er sérstaklega að leita að myndum af flóði í Hvítá þar sem hún flæmdist hér um efri hluta Flóans. Best væri að um gamlar myndir væri að ræða en nýrri myndir í lit koma líka til greina. Einnig er ég að leita eftir myndum frá þriðja áratug sl. aldar af verkamönnum við gróft áveituskurða eða vegalagningu sem kom í kjölfarið.

Með fyrirfram þökk.

Svanhvíti Hermannsdóttir, Lambastöðum.

Vinsamlega hafið samband í síma 482-2911 eða 865-7031 eða á [lambastadir@emax.is](mailto:lambastadir@emax.is) ef þið getið aðstoða mig við framangreint.

## **Helgihald í Villingaholts-Hraungerðis- og Laugardælakirkjum um jólin**

Hraungerðiskirkja: Hátíðarguðsþjónusta verður í Hraungerðiskirkju á jóladag, 25. desember kl. 11.00.

Prestur er sr. Óskar H. Óskarsson. Söngkór Hraungerðisprestakalls leiðir söng. Organisti er Ingi Heiðmar Jónsson.

Laugardælakirkja: Hátíðarguðsþjónusta verður í Laugardælakirkju á jóladag, 25. desember, kl. 14.00.

Prestur sr. Óskar H. Óskarsson.

Villingaholtskirkja. Hátíðarguðsþjónusta verður í Villingaholtskirkju á annan dag jóla, 26. desember, kl. 11.00. Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík. Söngkór Hraungerðisprestakalls leiðir söng. Organisti er Ingi Heiðmar Jónsson.

Fjölskylduguðsþjónusta verður í Villingaholtskirkju sunnudaginn 13. janúar 2013 kl. 13.30. Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík.

Kæru sveitungar, við hlökkum til að sjá ykkur í kirkjunum okkar um hátíðirnar.

## Dagskrá mánaðarins:

Æfing 5.-10. bekkur	4. desember
Flói og Mói opið hús	5. desember
Glímuæfing	10. desember
Æfing 5.-10. bekkur	11. desember
Flói og Mói opið hús	13. desember
Jólafundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	15. desember
Glímuæfing	17. desember
Æfing 5.-10. bekkur	18. desember
Skötuveisla í Þjórsárveri	23. desember
Jólasveinar á ferð	24. desember
Jólamessa í Gaulverjabæjarkirkju	25. desember
Jólamessa í Hraungerðiskirkju	25. desember
Jólamessa í Laugardælakirkju	25. desember
Jólamessa í Villingaholtskirkju	26. desember
Jólaball í Þingborg	28. desember
Jólaball og spilakvöld í Félagslundi	29. desember
Aðalfundur Umf. Vöku	2. janúar
Aðalfundur Umf. Baldurs	3. janúar
Prettándagleði í Þingborg	5. janúar
Prettándagleði í Þjórsárveri	6. janúar
Þorrablót í Þingborg	26. janúar

*Áveitan óskar lesendum sínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, með þökk fyrir samskiptin á liðandi ári.*



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160